

## Ríkisábyrgðir 2006

### Ríkisábyrgðir, árslok 2006

Heildarstaða ríkisábyrgða á lánum í lok árs 2006 var rúmlega 717 ma.kr. og hafði hækkað um tæplega 80 ma.kr. frá fyrra ári. Af heildartölu lána með ríkisábyrgð eru tæplega 147 ma.kr. eða 18% í erlendum gjaldmiðlum. Hækkun ríkisábyrgða stafar að mestu leiti af auknum ábyrgðum vegna Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar.

Nýjar ríkisábyrgðir á árinu námu alls 93,4 ma.kr. og voru vegna lántöku Landsvirkjunar að upphæð um 52 ma.kr., Íbúðalánasjóðs að upphæð um 39 ma.kr. og Byggðastofnunar að upphæð um 1,7 ma.kr.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er stærstur hluti ríkisábyrgða á lánum vegna C-hluta ríkissjóðs, tæplega 594 ma.kr. eða tæplega 83%. Þar er stærstur Íbúðalánasjóður með tæplega 583 ma.kr. eða um 81%, en öll útgefin HFF-bréf, húsbref og húsnæðisbref eru með ríkisábyrgð.

Ábyrgðir vegna ríkisfyrirtækja í B-hluta ríkissjóðs námu rúmlega 7,9 ma.kr.

Ábyrgðir vegna sameignar- og hlutafélaga í E-hluta ríkissjóðs námu rúmlega 86 ma.kr. í lok ársins og ríkisábyrgðir vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra námu rúmlega 900 m.kr. Ábyrgðir vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra eru á lánum vegna hitaveituframkvæmda. Ábyrgðir sem falla undir skilgreininguna "Annað" námu tæplega 28 ma.kr. en í þeim flokki eru m.a. ábyrgðir til lánasjóða, fyrirtækja og viðskiptabanka sem áður voru í eigu ríkisins en hafa nú verið einkavædd, sem og ábyrgðir til annarra einkafyrirtækja.

Aukningu á ríkisábyrgðum undanfarin ár má að mestu rekja til aukningar á lántökum Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar en hlutfall Íbúðalánasjóðs af heildartölu ríkisábyrgða hefur hækkað úr 71% árið 1997 í um 81% við lok árs 2006.

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) námu ríkisábyrgðir um 62% við í lok árs 2006 miðað við spá Seðlabankans um VLF á árinu. Þetta hlutfall var 70% árið 2004 en 38% árið 1997. Ríkisábyrgðir á lánum sem hlutfall af heildarskuldum ríkissjóðs hefur einnig aukist undanfarin ár og voru ríkisábyrgðir 242% af heildarskuldum ríkissjóðs í lok árs 2006.